



**Afgreiðslufundur samgöngustjóra samkvæmt 3. gr. viðauka 2.5 um
embættisafgreiðslur samgöngustjóra við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og
fundarsköp borgarstjórnar.**

Ár 2024, miðvikudaginn 5. júní kl. 14.00 hélt samgöngustjóri Reykjavíkurborgar 19. afgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 12-14, 3. hæð, Arnarholt. Fundinn sátu: Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir og Bjarni Rúnar Ingvarsson

Fundarritari var Natan Freyr Guðmundsson

Þetta gerðist:

1. Tillaga um safnstæði og stæði fyrir leigubifreiðar

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að 7 bifreiðastæði sunnan megin í Stórholti, beggja vegna Þverholts, verði merkt sem biðstæði fyrir leigubifreiðar
- Að bifreiðastæði norðan megin í Stórholti, milli Þverholts og Rauðarárstígs, verði merkt sem biðstöð hópbifreiða, safnstæði

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Samþykkt

2. Tillaga um bann við akstri vörubifreiða í Árskógum

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að akstur vörubifreiða sé bannaður í Árskógum

Undanþegin slíku banni er akstur vörubifreiða að lóðum við Árskóga.

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Samþykkt



3. Brekkuhús 1 – stæði fyrir hreyfihamlaða

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að 1 bifreiðastæði við Brekkuhús 1 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.

Ofangreind ráðstöfun verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Samþykkt

Fundi slitið kl. 14.20

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

Bjarni Rúnar Ingvarsson



TILLAGA

Viðtakandi: Samgöngustjóri

Sendandi: Deild samgangna

Tillaga

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að sjö bifreiðastæði sunnan megin í Stórholti, beggja vegna Þverholts, verði merkt sem biðstæði fyrir leigubifreiðar
- Að bifreiðastæði norðan megin í Stórholti, milli Þverholts og Rauðarárstígs, verði merkt sem biðstöð hópibifreiða, safnstæði

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.


Greinargerð:

Í tengslum við framkvæmdir á Hlemmi munu biðstæði fyrir leigubifreiðar og safnstæði fyrir hópibifreiðar leggjast af. Nauðsynlegt er að koma öðrum stæðum fyrir í nágrenninu svo hægt sé að halda uppi þjónustustigi við íbúa sem og ferðamenn á svæðinu.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllt,
Bjarni Rúnar Ingvarsson
deildarstjóri samgangna

Hjálagt: Yfirlitsmynd af fyrirhuguðum stæðum



Yfirlitsmynd af fyrirhuguðum stæðum



TILLAGA

Viðtakandi: Samgöngustjóri

Sendandi: Deild samgangna

Tillaga

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að akstur vörubifreiða sé bannaður í Árskógum

Undanþegin slíku banni er akstur vörubifreiða að lóðum við Árskóga.

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Greinargerð:

Vestan Árskóga er Álfabakki botnlangi með 3 stórum lóðum. Byggt hefur verið á innstu lóðinni, en þar eru Garðheimar. Fyrirhuguð er uppbygging á iðnaðarhúsnæði við Álfabakka 2. Slíkri uppbyggingu og starfsemi fylgir einhver þungaumferð. Til að koma í veg fyrir gegnumakstur slíkrar umferðar um Árskóga, sem er íbúagata, og tryggja umferðaröryggi þarf að banna akstur vörubifreiða um Árskóga, nema þá umferð vörubifreiða sem á sér erindi í Árskóga.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllt,
Bjarni Rúnar Ingvarsson
deildarstjóri samgangna



Hjálagt: Yfirlitsmynd af Árskógum með fyrirhuguðum merkingum



Yfirlitsmynd af Árskógum með fyrirhuguðum aðalmerki, á myndina vantar undirmerki sem gefur til kynna undanþágu.



TILLAGA

Viðtakandi: Samgöngustjóri

Sendandi: Deild samgangna

Brekkuhús 1 – stæði fyrir hreyfihamlaða

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að 1 bifreiðastæði við Brekkuhús 1 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.

Ofangreind ráðstöfun verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Greinargerð:

Gigtarfélag Íslands er með starfsemi í Brekkuhúsum 1. Í tengslum við uppbyggingu hjá félaginu á lóðinni þarf að merkja stæði við húsið sem stæði fyrir hreyfihamlaða til að tryggja betra aðgengi að húsinu og starfsemi þess, og til að uppfylla kröfur í byggingarreglugerð.


Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllst,
Bjarni Rúnar Ingvarsson
Deildarstjóri samgangna

Hjálagt: Yfirlitsmynd merkt með fyrirhugaðri staðsetningu stæðisins



Reykjavíkurborg



Yfirlitsmynd merkt með fyrirhugaðri staðsetningu stæðisins